FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi Narfakots í Innri Njarðvík, Gullbringusýslu

6. áfangi

Bjarni F. Einarsson

2008

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 66, gömlu fornleiðina frá Innri Njarðvík vestur um nes. Horft til VSV. Sjá má frekar ungan grjótgarð t.h. á myndinni, en hann liggur utan í gamla túngarðinum utan um Narfakot á kafla. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Reykjanesbæ
Febrúar 2008

Inngangur

Að beiðni Reykjanesbæjar kannaði Fornleifafræðistofan spildu í landi Narfakots í Innri Njarðvík vegna deiliskipulags á svæðinu. Þegar hafa nokkur svæði verið skoðuð í Innri Njarðvík með tilliti til fornleifa sbr. skýrslur þar um (áfangi I - V). Í þessum sjötta áfanga var svæði í kring um Narfakot og við sjóinn kannað á vettvangi sbr. mynd 1 og 2.

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá, Friðlýsingarskrá og Sögu Njarðvíkur.

Vettvangsvinna fór fram þann 15. febrúar síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Haldið var áfram að gefa hlaupandi númer.

Utan við hið kannaða svæði varð vart fornleifa sem ekki voru skráðar. Skipuleggjendur svæðisins eru Verkfræðistofa Njarðvíkur en verkkaupi Reykjanesbær.

Mynd 1. Svæði það sem kannað var í Innri Njarðvík (grænt svæði). Staðsetningu fornleifa má sjá á mynd 2. Norður vísar til vinstri. Við suðvesturhorn svæðisins var trúlega Stekkjarkotsvör (hefur ekki verið skráð). Teikning: Verkfræðistofa Njarðvíkur.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði þrír staðir með fleiri en níu minjum. Allar minjarnar eru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900. Einar fornleifar (145:3) gætu verið eldri, en það er túngarðurinn utan um Narfakotið, sem að stofni til gæti verið frá miðöldum. Tvær fornleifar standa hugsanlega ofan á eldri minjum, en það eru rústir 145:1 og 145:5.

Einn þessara staða (fornleifa) var skráður árið 2003, en það er fornleiðin frá Innri Njarðvíkurkirkju vestur um nes (nr. 66:1). Þessa leið má rekja að Seylunni í vestur og að Vogum í austur (hefur annað númer austan við Njarðvíkurkirkju).

Af þessum þremur stöðum teljast engar fornleifar hafa hátt minjagildi, átta fornleifar hafa talsvert minjagildi og einar lítið minjagildi. Í þessari skráningu er varðveislugildið ætíð hið sama og minjagildið.

Í ágætu ástandi voru fimm fornleifar, tvær í sæmilegu ástandi og tvær í lélegu ástandi.

Tvær fornleifar fornleifar voru taldar í mikilli hættu vegna ábúðar annarsvegar og landeyðingar hinsvegar og tvær fornleifar voru taldar í talsverðri hættu vegna ábúðar. Aðrar fornleifar eru ekki taldar í hættu, en sérstaklega skal bent á að hættumatið byggir á því að skipulag taki fullkomlega mið af fornleifunum og hóti þeim hvergi.

Nr.	*Teg.*	*Fj.*	*Hættumat*	*Hætta*	*Ástand*	*Aldur*	*Varðveislugildi*	*Minjagildi*	*Friðlýst*
66:1	Fornleið	1	Ábúð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei
145:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei
145:2	Gerði	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei
145:3	Túngarður	1[1]	Ábúð	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei
145:4	Gerði	1	Landeyðing	Lítið	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei
145:5	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei
145:6	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei
145:7	Vör	1	Landeyðing	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei
146:1	Garður	1	Ábúð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei
3 staðir		***>4 fornleifar***							

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar. (Sjá nánar fornleifaskrá).

[1] Undir þessu númeri er aðalgarður og tengigarðar settir sbr. loftmynd og fornleifaskrá.



Mynd 2. Loftmynd af svæðinu sem kannað var í 6. áfanga. Á myndina vantar trúlega garð sem legið hefur frá tröðinni norðanverðri til suðvesturs að túngarðinum sem umlykur Narfakotið (145:3). Ljósm. Loftmyndir efh. Viðbætur BFE.

Verði hins vegar ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlíta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Vegna þess hve mikið er af fornleifum á svæðinu og einhverjar líkur á að eldri minjast leynist undir sumum rústum er mælt með því að framkvæmdaeftirlit verði viðhaft ef og þegar jarðrask hefst. Bæjarstæði Narfakots (syðra húsið) var ekki skráð, en þar um kring má búast við miklum rústabrotum og hið sama gildir um bæjarstæði Akurs. Hugsanlega hefði átt að skrá þau, en það verður gert síðar í tengslum við heildarskráningu sveitarfélagsins.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

Niðurstaða

Alls fundust þrír staðir með fleiri en níu fornleifum á svæði því sem kannað var nú í 6. áfanga sbr. mynd 1 og 2.

Ef mikilvægt reynist að farga þeim fornleifum sem hafa lítið minja- og varðveislugildi ætti mótvægisaðgerða ekki að vera flóknar eða miklar. Leyta þarf þó leyfis Fornleifaverndar ríkisins til þessa og sæta settum skilmálum embættisins.

Öðru máli gegnir um þær fornleifar sem taldar eru hafa talsvert minja- og/eða varðveislugildi, þær þarf að rannsaka sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra.

Mælt er með framkvæmdaeftirliti á svæðinu komi til jarðrasks á því.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla og annara ökutækja með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Þó fornleifarnar sem nú voru skráðar teljist ekki mjög merkilegar þá eru varirnar tvær þó altént minjar um sjósókn sem hugsanlega var forsenda hinna mörgu kotbýla sem þarna voru á sínum tíma. Urmull vara hafa horfið í þéttbýli eða brim á undanförnum árum og ef fram heldur sem horfir munu þær allar hverfa innan skamms.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Þjóðsaga ehf. Reykjavík 1996.

Þjóðminjalög nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Örnefnaskrá. Innri Njarðvík. Handrit. Örnefnastofnun.

Fylgiskjal:

Fornleifaskrá Reykjanesbæjar nr. 66:1 & 145:1-7 – 146:1.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **66**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	1

Landareign	Nr	Heiti
-		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327730 N 390788	Isn 93	5	6

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Fornleið			1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900		Skipulag	Mikil	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Liggur með ströndinni í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fornleið.
Leiðin er hlykkjótt þar sem hún liggur mis nálægt ströndinni, skammt innan við sjávarbakkann. Hún er ca. 1,5 - 2 m á breidd og 0,2 - 0,5 m djúp.
Leiðin er nokkuð greinileg þar sem hún var skoðuð frá byggðinni út að Seylunni. Hana má rekja að einhverju marki til austurs að kirkjunni og svo áfram austur að Vogum.
Víða eru fjárgötur í leiðinni, stundum margar.
Efri myndin er tekin við Tjaldhól. Neðri myndin er tekin á milli Narfakots og Akurs. Sjá má dálítinn spotta af leiðinni austan við heimreiðina að Narfakoti og norðvestan við Tjarnargötu.

Leiðin var fyrst skráð þann 4.12.2003. Þá var notast við WGS viðmiðun og var mælingin N 63°58.53 W 022°31.49.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með nákvæmri hnitsetningu. Minjagildi og hættumat hefur breyst frá fyrri skráningu.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **145**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	1

Landareign	Nr	Heiti
Narfakot		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327705 N 390877	Isn 93	7	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst	Sjóbúð		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Skipulag	Lítil	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Um 25 m VSV af áberandi túngarði og um 50 m S a sjávarströnd.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.
5 x 5 m (NNV - SSA).
Veggir úr grjóti og torfi, 1,5 m breiðir og 0,6 - 0,7 m háir.
Dyr snúa mót NNV (sjónum). Stór hella er á rönd við dyrakampinn austanverðan.
Garðlög greinilega að innanverðu, en ekki að utanverðu.
Rústin er vel gróin grasi/sinu.
Rústin er frekar ung, en gæti staðið ofan á eldri minjum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Hættumatið miðast við óbreytt ástand. Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með prufuskurði til að staðfesta aldurinn og ákveða framhaldið út frá því.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **145**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	2

Landareign	Nr	Heiti
Narfakot		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327736 N 390846	Isn 93	4	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Gerði	Skipagarður		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Skipulag	Lítil	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Utan í áberandi túngarði að vestanverðu í túni. Um 100 m suður af sjávarströnd.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.
10 x 10 m (NNV - SSA). Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir. Austurveggurinn er mikill grjótgarður og norðurveggurinn mjög breiður þvergarður sem liggur út úr grjótgarðinum.
Dyr eða hlið ekki vel greinanleg, en eitt gæti hafa verið nálægt miðju vesturveggjar.
Einstaka grjót sést í veggjum. Botn gerðis og veggir eru vel grónir.
Frá gerðinu og niður að sjó (Narfakotsvör nr. 145:7) er mjó rás um 1,5 - 2 m breið og 0,3 m djúp. Hér gæti vel verið komin leið fyrir báta sem dregnir hafa verið í var.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Hættumatið miðast við óbreytt ástand. Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með prufuskurði til að staðfesta aldurinn og ákveða framhaldið út frá því.

Fornleifaskrá

Aðalnr.	Undirnr.
145	3

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Landareign	Nr	Heiti
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	Narfakot		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327756 N 390809	Isn 93	7	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Túngarður/landamerkjagarður			1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ábúð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Skipulag	Mikil	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Garðurinn liggur utan um Narfakot. Frá sjó og utan um býlið og svo aftur að sjó vestar.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Túngarður/landamerkjagarður.
Austurhluti garðsins liggur frá ströndinni til SSA og er þráð beinn á þessum kafla. Einnig er þessi kafli einvörðungu úr grjóti, um 2,5 - 3 m breiður og 0,4 - 0,8 m hár (sjá neðri mynd). Þá beygir garðurinn (þar sem hann var GPS mældur) til vesturs og liggur eftirleiðis dálítið hlykkjóttur að sjónum. Þessi kafli er vel gróinn og er byggður úr torfi og grjóti og er allt að 4 m breiður. Þegar komið er nokkuð til vesturs liggur grjótgarður að þessum garði, en hann fjarlægist svo þegar vestar dregur.
Þegar garðurinn er kominn nálægt sjónum beygir hann enn á ný til NV og liggur svo í boga að sjónum (Narfakotsseylunni). Garðurinn er rofinn af vegi niður að Narfakoti. Við SA - hornið eru leifar af garði sem gæti hafa legið áfram til suðurs.
Mikið er af ungum kálgörðum sem tengjast þessum garði sbr. teikningu á loftmynd (t.d. bláar línur á efri mynd). Þvergarðurinn sem liggur nánast í gegnum íbúðarhúsið gæti verið mjög forn eða frá miðöldum (fyrir 1550).
Sunnan við garðinn liggur gamla fornleiðin nr. 66.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með prufuskurði til að staðfesta aldurinn.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **145**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	4

Landareign	Nr	Heiti
Narfakot		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327516 N 390863	Isn 93	2	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Gerði	Fiskþurrkunarreitur		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Landeyðing	Talsverð	Lélegt	1550-1900		Skipulag	Talsverð	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Yst á tanga eða nesi (Narfakotstanga), sunnan við göngustíg.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Innri Njarðvíkur. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing

Gerði.

Á um 20 x 50 m stóru svæði (A - V). Garðar úr grjóti, um 1 m breiðir og 0,3 - 0,5 m háir. Gerðið er laskað í norður og vestur af bæði landbroti og hugsanlega nýlegum göngustíg (þó virðist stígurinn ekki hafa laskað gerðinu).

Gerðið er vel gróið og víða sést í grjót.

Innan í gerðinu í SA er áberandi hola um 2 m í þvermál og 0,7 m djúp.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með prufuskurði og nákvæmri teikningu til að staðfesta tilgátuna og aldurinn.

Fornleifaskrá

Aðalnr.	Undirnr.
145	5

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Landareign	Nr	Heiti
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	Narfakot		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327569 N 390697	Isn 93	17	6

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst	Fjárhús		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Skipulag	Talsverð	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á túni, um 40 m norður af túngarði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.
6 x 8,5 m (NNV - SSA). Veggir úr grjóti og torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,6 - 0,8 m háir.
Dyr snúa mót NNV (inn á túnið).
Garðlög eru vel greinileg að innanverðu og á suðurgafli utanverðum.
Nokkuð er af grjóti í gólfi.
Rústin er vel gróin.
Um 1 m austur af SA - horni rústarinnar er hæðarpunktur. Líklega hefur öxl á SA - horni rústarinnar komið til þegar hæðarpunktur þessi var settur niður.
Mjög líklega stendur rústin ofan á eldri minjum og víða má sjá óljós merki rústa í kring sbr. teikn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með prufuskurði til að staðfesta aldurinn og kanna hugsanelgar eldri minjar og ákveða framhaldið út frá því.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **145**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	6

Landareign	Nr	Heiti
Narfakot		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327601 N 390745	Isn 93	9	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst	Forþró		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Skipulag	Talsverð	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á túni, um 70 m norður af túngarði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.
1,8 x 4 m (NV - SA). Rústin er öll grafin niður og er dýptin 0,6 m. Garðlög sjást allstaðar að innanverðu.
Í rústinni er talsvert af bárujárni og öðru rusli.
Um 5 m norður af rústinni gæti leynst önnur rúst, mjög sléttuð og gróin.

Teikning/ljósrit af mynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með prufuskurði til að ákvarða aldurinn og ákveða framhaldið út frá því.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **145**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	7

Landareign	Nr	Heiti
Narfakot		Narfakotsvör

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327671 N 390951	Isn 93	0	6

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Vör			1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Landeyðing	Mikil	Lélegt	1550-1900		-	-	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Við sjóinn, norðan við Narfakot.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Innri Njarðvíkur. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing

Vör.
Vörin er í dag mjög grýtt og engin mannaverk lengur sýnileg þegar vörin var skoðuð.
Beint fyrir ofan vörina er slóðin sem liggur frá gerði 145:2.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Hættumatið miðast við óbreytt ástand. Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með nákvæmri hnitsetningu.

Fornleifaskrá

Aðalnr. **146**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Undirnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200	1

Landareign	Nr	Heiti
Akur		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.02.2008	E 327725 N 390652	Isn 93	10	6

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður	Túngarður		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ábúð	Talsverð	Ágætt	1550-1900		Skipulag	Mikil	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Utan um garð við íbúðarhús.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.
Úr grjóti, 1,5 - 2 m breiður og 0,2 - 0,6 m hár. Við SV - hornið, þar sem GSM var mælt, beygir garðurinn í 90° til norðurs og endar þar við grunn ungra húsa (skúra).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að tilkynna Fornleifavernd ríkisins það og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með nákvæmri hnitsetningu.